

# Alþjóðlegur dagur sjúkraþjálfara

8. september

Sjúkraþjálfarar eru sérhæfðir í hreyfigreiningu, þjálfun og forvörnum. Þeir greina hreyfivanda og annan vanda sem aftrar fólki frá því að vera virkt og sjálfstætt. Þeir finna leiðir fyrir fólk til aukinnar þátttöku með meðferð, endurhæfingu, þjálfun og hvatningu.

Tæplega 600 sjúkraþjálfarar starfa á sjúkra- og endurhæfingarstofnunum, hjúkrunarheimilum, á einkareknum starfsstofum sjúkraþjálfara og hjá íþróttafélögum.

Sjúkraþjálfarar sinna árlega um 50 þúsund landsmönnum um allt land, frá rúmliggjandi sjúklingum til afreksíþróttamanna.

